

Fundur 10.3.2025 Þóra íslensk kona sem flutti fyrir fáum árum.

Góða kvöldið, komið þið sæl og blessuð.

*Góða kvöldið.*

Hefur mig lengi langað til að segja sögu mína, en þá sögu sem hófst í framlífi fyrir nokkrum árum og hefur verið ævintýri líkast og viðburðarík.

Er ég hér stödd á framlífs hnetti og tala úr stjörnusambandsstöð, vil ég ekki segja nafn mitt að fullu, þar sem fjölskyldu hagir ráða því að margskonar sársauki og afbrýðisemi myndast, þegar fók eingnast nýjan maka og nýja fjölskyldu og vil ég ekki valda sárindum með því að lýsa því í smáatriðum hver ég er.

En vil ég þó segja sögu mína, því svo margt kom mér á óvart í framlífi, að ég vildi endilega tjá það hér í kvöld.

Og vil ég byrja á því að segja að áhugi minn á spíritisma var alltaf mikill og lærði ég þó margt nýtt hér í framlífi, sem ég ekki vissi áður.

En kærleikurinn mikill, og mannfélagið dásamlegt og efnislegur líkami, nokkuð sem ég ekki þorði að láta mig dreyma um. En var hann þó staðreyndin engu að síður.

Og allt í sambandi við þessi umskipti, var mér bæði ástæða til óánægju og ánægju fyrst í stað, og þó öllu heldur undrunar.

Og til þess að sætta framandi sjónarmið um það hvort ég vildi lenda hér eða hjá hinum, sem einnig er farinn á annan framlífs hnött.

Varð ég að spurja mig spurninga og leita svara hjá mér fróðara fólki, og hef ég loksins fengið þau svör nokkurn veginn.

Og þykir mér mjög vænt um það að komast í sambandið við ykkur kæru vinir á gömlu jörðinni og mega lýsa því, og veit ég ekki hvort aðrir hafa lýst því á sama hátt, en hef ég vissulega mætt reglulega á þessa sambandsfundi og hlustað á aðra koma með erindi sitt.

Og veit ég ekki til þess að margir hafi sagt sömu sögu og ég, eða lent í sömu lífsreynslu, en það þekkest þó, en það eru víst margir sem tjá sig ekki um það, og láta það liggja í láginni.

En ætla ég nú að koma fram með það og snýst það um þetta, að ég fór á framlífs hnött fyrri mannsins míns, sem var ekki Íslendingur, heldur Bandaríkjamaður, en átti ég þó einn á undan og einn á eftir.

En fyrst í stað spurði ég mig þess, hvort ég hefði viljað þetta í raun og veru, en komst ég þá að því, að lögmál valda því að sálin sendir frá sér sérstaka geisla um vilja sinn og vitund um það hvert hún vilji fara, og var það nú svo að þær tilfinningar sem ég hafði grafið og taldi gleymdar, komu fram á yfirborðið.

Og var það mér mikil hamingja þegar ég hafði áttað mig, en tók það mig nokkra mánuði hér á þessari framlífs jörð, að vísu.

Og er það nokkur ástarsaga. Var það að vísu dóttir mín og ýmsir sem ég þekkti síður, sem tóku á móti mér, en síðar kom eiginmaðurinn.

Og hef ég nú notið þess ævintýris að fylgjast með afrekum hans í framlífi, sem hann hafði undirbúið í frumlífi þegar við vorum saman og nokkru síðar, en hefur hann fengið hér að blómstra í framlífi.

Og er það stórkostlegt að upplifa það hversu miklar framfarir hafa orðið á þessum hnetti, og samkvæmt fyrirætlunum hans, en vil ég einnig taka það fram að þótt ánægjan hér sé mikil, og ég hafi hér eignast með honum fleiri börn og dóttirin sé hér í fullu fjöri hjá mér og honum, þá sakna ég hinnar fjölskyldunnar minnar.

En hef ég þó fengið samband við suma af þeim sem ég þekkti á þeim hnetti, en það mun taka mig tíma að sættast við þau öll, en þannig er lífsins gangur.

Ég er Íslendingur og var ég uppi meðal ykkar fyrir ekki svo all löngu, en er hér komin á framlífs jörð, þar sem mannlífið er fagurt og framfarir allar miklu stórkostlegri, en ég hafði búist við.

En eru hér einnig áskoranir sem mér finnst spennandi að takast á við, en fer ég ekki nánar út í það að sinni.

Ætla ég að segja nafn mitt, en sleppi ég föðurnafninu, íslensk kona, vel þekkt, en vil ekki segja á mér full deili, þakka ég fyrir mig.

Þóra er nafn mitt, og kveð ég ykkur og þakka fyrir.

*Þakka þér fyrir komuna, þakka þér fyrir Þóra og þetta var fróðleg ævisaga.*